

FRAMBJÓÐENDUR Í STJÓRNARKJÖRI SFR STÉTTARFÉLAGS Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Rafræn kosning stendur yfir frá 12. mars kl. 17:00 til 22. mars kl. 17:00

(Kynning á frambjóðendum er í stafrófsröð samkvæmt lögum SFR)



Nafn: Berglind Margrét Njálsdóttir

Vinnustaður: Tollstjóri

Starfstíll: Aðalbókari

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið trúnaðarmaður frá 2011 og átti sæti í nefnd vegna verkfallsvörslu 2015. Þá sat ég þing BSRB árið 2015 sem fulltrúi SFR.

Hvers vegna býður þú þig fram til stjórnar SFR?

Ég hef unnið sem opinber starfsmaður allan minn starfsaldur, eða í 36 ár.

Stóran hluta þess tíma hef ég haft mannaforráð og því þurft að setja mig inn í margt sem kemur að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Ég hef haft ánægju og mikið gagn af þeim störfum sem ég hef komið að fyrir félagið og tel mig vera komna með nokkuð góða innsýn í störf þess. Ég sé þetta sem tækifæri til að komast enn betur inn í málefni félagsins. Ég er virk í starfi og er tilbúin að verja tíma mínum og kröftum í aukin störf fyrir félagið.



Nafn: Bryndís Theódórsdóttir

Vinnustaður: Vinnumálastofnun

Starfstíll: Verkefnastjóri

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið í trúnaðarmannaráði, félagsráði, samninganefndum, ályktunarnefnd, laganefnd, fulltrúi stjórnar í starfsmenntunarsjóði, stjórn Framvegis, undirbúningsnefnd fyrir stofnun háskóladeildar og í stjórn SFR. Ég gegni nú embætti varaformanns stjórnar SFR.

Hvers vegna býður þú þig fram til stjórnar SFR?

Ég gef kost á mér áfram í stjórn SFR en ég hef gengt embætti varaformanns félagsins undanfarin 3 ár. Ég hef áhuga á að vinna að því að gera félagið enn öflugra með fjölgun félagsmanna og halda þeim félagsmönnum áfram í félaginu sem ljúka háskólamenntun. Ég vil vinna að því að efla kjör félagsmanna. Einnig hef ég mikinn áhuga á stöðu kvenna sem starfa hjá hinu opinbera og það þarf að huga að kjörum þeirra og starfsaðstæðum. Eins er mikilvægt að stéttarfélag höfði til yngra fólks og hvetji það til þátttöku innan félaganna.



Nafn: Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko
Vinnustaður: Gjörgæsludeild LSH Fossvogi
Starfstíll: Læknaritari / skrifstofustjóri

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið trúnaðarmaður á LSH Fossvogi, verið fulltrúi Félags íslenskra læknaritara í Félagsráði SFR frá upphafi, verið í samninganefnd, laganefnd, ályktanefnd og ritnefnd auk þess að vera fulltrúi SFR á þingum BSRB 2012 og 2015. Ég var í undanþágunefnd SFR í verkfallinu í okt 2015 o.fl. Þá hef ég verið í samstarfsnefnd SFR og LSH um gerð stofnanasamninga frá 2015. Ég var valin trúnaðarmaður ársins 2016.

Hvers vegna viltu bjóða þig fram til stjórnar SFR?

Ég hef undanfarin ár verið í ýmsum stöfum fyrir SFR, verið í nefndum og fagraði SFR og er farin að þekkja innviði SFR ágætlega. Ég vann á Landspítalanum á menntaskólaárunum 1977-1981 og hef svo unnið bæði á LSH Hringbraut, Fossvogi og Landakoti frá 1999. Ég hef verið á gjörgæsludeildinni frá 2003 og þekki því orðið ágætlega til á LSH. Þar sem LSH á flesta félagsmenn innan SFR tel ég mjög mikilvægt að það sé fulltrúi frá LSH í stjórn SFR. Ég tel að í ljósi þekkingar minnar og reynslu gætu kraftar mínir nýst SFR ágætlega í framtíðinni.



Nafn: Garðar Svansson
Vinnustaður: Fangelsismálastofnun
Starfstíll: Fangavörður, fangelsinu Kvíabryggju

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið trúnaðarmaður fangavarða á Kvíabryggju síðan 2013.

Hvers vegna viltu bjóða þig fram til stjórnar SFR?

Ég hef mikinn áhuga á kjara- og félagsmálum. Ég hef verið í stjórnnum hjá íþróttahreyfingunni síðan 1995 og sit í dag í stjórn Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Þá hef ég jafnframt verið fulltrúi hlutastarfandi slökkviliðsmanna í stjórn Landssambands sjúkra- og slökkviliðsmanna. Ég var formaður laganefndar LSS sem tók lög félagsins til allsherjar endurskoðunar 2012 og voru þau samþykkt samhljóða á þingi þess sama ár. Ég hef setið í samninganefnd LSS við gerð síðustu tvo kjarasamninga. Ég tel mig hafa mikla reynslu í félagsmálum og mig langar að leggja þekkingu mína fram til að vinna fyrir SFR í þágu allra félagsmanna. Til að auka þekkingu mína í kjara og réttindamálum þá hef ég verið virkur í þátttöku námskeiða sem SFR og BRSB hafa boðið upp á í þeim flokki.



Nafn: Gunnar Garðarsson

Vinnustaður: Vegagerðin

Starfstíll: Mælingamaður

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið trúnaðarmaður, átt sæti í uppstillinganefnd og verið ritari í stjórn SFR síðastliðin þrjú ár. Þá var ég einnig í samninganefnd félagsins við síðustu kjarasamningagerð.

Hvers vegna býður þú þig fram til stjórnar SFR?

Ég datt inn í stjórn nokkuð óvænt árið 2014 en þá hætti einn landsbyggðarmaður við að gefa kost á sér og ég var með skömmum fyrirvara munstraður á lista uppstillinganefnar og svo í framhaldinu kosinn í stjórn. Það hefur verið mjög gaman og þroskandi að koma inn í þetta starf og vinna með öllu þessu góða og öflugra fólki, hvort sem um er að ræða trúnaðarmannaráð, stjórn, starfsfólk eða aðra félagsmenn. Ég vil leggja mitt af mörkum til að félagið verði áfram í fremstu röð í þjónustu við félagsmenn og býð mig því fram til áframhaldandi stjórnarsetu.



Nafn: Jóhanna Lára Óttarsdóttir

Vinnustaður: Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Starfstíll: Skrifstofumaður

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið virkur trúnaðarmaður hjá Sýslumanninum í Borgarnesi í 12 ár og síðan trúnaðarmaður hjá Sýslumanninum í Reykjavík og Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í 10 ár. Það hefur meðal annars falið í sér vinnu við stofnanasamningsgerð. Þá hef ég verið í stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs SFR í 6 ár og síðustu ár sem formaður stjórnar sjóðsin. Ég hef einnig verið í kjörstjórn, laganeftnd og staðið vaktir í verkfalli SFR.

Hvers vegna býður þú þig fram til stjórnar SFR?

Ég tel mig hafa víðtæka þekkingu á mállefnum SFR og þá sérstaklega í skrifstofugeiranum. Ég tel að mín þekking komi sér vel í stjórn SFR. Þá vísa ég til þess sem hér að ofan stendur varðandi þekkingu mína.



Nafn: Ramuné Kamarauskaité

Vinnustaður: Isavia - flugverndarþjónusta

Starfstíll: Starfsmaður í vopnaleyti

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið trúnaðarmaður SFR fyrir Isavia flugverndarþjónustu B vakt síðan í maí 2015 og er í samninganefnd félagsins.

Hvers vegna býður þú þig fram til stjórnar SFR?

Ég vil bjóða mig fram til stjórnar SFR til að vera virk í starfi félagsins, kynnast félagsstörfum betur og nýta mína fjölbreytta reynslu í þágu félagsmanna.



Nafn: Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir

Vinnustaður: Háskóli Íslands

Starfstíll: Deildarstjóri

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið trúnaðarmaður, átt sæti í Félagaráði SFR, Skemmti- og menningarnefnd SFR, Menntanefnd BSRB, Stjórn Þróunar- og símenntunarsjóðs frá 2015. Þá hef ég verið í starfshópi vegna stofnanasamninga 2017 fyrir SFR félaga HÍ og í stjórn SFR frá 2014.

Hvers vegna býður þú þig fram til stjórnar SFR?

Ég hef verið starfandi í stjórn SFR síðustu 3 árin og býð fram krafta mína til næstu 3ja ára ef þess verður óskað. Nauðsynlegt er að fá endurnýjun í stjórn SFR eins og nú þegar 5 stjórnarmeðlimir verða frá að hverfa samkvæmt 9. gr laga SFR um stjórnarsetu. Ég tel að það sé ekki gott fyrir félagið að öll reynsla fari út á sama tíma og því vil ég áfram bjóða mig fram í það krefjandi og jafnframt góða starf sem fram fer innan SFR. Ötult starf er unnið innan veggja sem utan hjá SFR og er meginmarkmið okkar allra að bæta kjör og réttindi félagsmanna, auka jafnrétti og jöfnuð sem og auka tækifæri til frekari menntunar og starfsþróunar. Eru þessir málaflokkir mér efst í huga þegar kemur að störfum mínum hjá SFR.



Nafn: Vésteinn Valgarðsson

Vinnustaður: Landspítali, endurhæfingargeðdeild

Starfstíll: Ráðgjafi/stuðningsfulltrúi

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið trúnaðarmaður á Kleppspítala síðan 2006, lengi sá eini fyrir SFR á geðsviði Landspítalans. Frá árinu 2015 hef ég verið aðaltrúnaðarmaður SFR á Landspítala ásamt því að vera í samstarfsnefnd SFR og Landspítala. Ég var formaður Félags ráðgjafa og stuðningsfulltrúa 2010-2011 Ég var í samninganefndinni fyrir kjarasamninga 2011 og sat í launamálaráði SFR 2009-2011. Ég tók virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd verkfallsvörslunnar í verkfallinu 2015. Þá hef ég einnig verið í ritstjórn Blaðs stéttarfélaganna og verið fulltrúi SFR á 41., 42., 43. og 44. þingi BSRB. Ég var valinn trúnaðarmaður ársins 2011.

Hvers vegna viltu bjóða þig fram til stjórnar SFR?

Ég hef mikinn áhuga og metnað fyrir því að SFR standi sig vel í að berjast fyrir kaupi og kjörum félagsmanna sinna. Ég hef tekið mikinn þátt í baráttunni og þar af leiðandi öðlast mikla reynslu sem ég veit að mundi nýtast vel í stjórn félagsins. Þegar öllu er á botninn hvolft, standa og falla hagsmunir okkar allra með stéttabaráttunni. Þess vegna býð ég mína krafta fram í þágu hennar. Ég tel mikilvægt að hvert stéttarfélag haldi í sinn samningsrétt og geld því varhug við SALEK-samkomulaginu um nýtt vinnumarkaðsmódel. Ég tel líka mikilvægt að SFR (og BSRB) beiti sér í þjóðfélagslegum kjaramálum á borð við lengra fæðingarorlof, almenna styttingu vinnuvikunnar, sérstaklega hjá vaktavinnufólki og baráttu gegn markaðsvæðingu auðlinda eða innviða landsins.



Nafn: Viðar Ernir Axelsson
Vinnustaður: Landhelgisgæsla Íslands
Starfstíll: Verkefnastjóri

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

- Í stjórn SFR, frá 2014.
- Í stjórn Orlofssjóðs, frá 2014.
- Í Laganefnd, frá 2010.
- Í samninganefnd, 2013 - 2015.
- Í stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs, 2012 - 2014.
- Trúnaðarmaður LHG/KEF, frá 2009.

Hvers vegna býður þú þig fram til stjórnar SFR?

Ég hef áhuga á að taka þátt í að efla og styrkja SFR. Þá vil ég bæta kjör SFR félaga og efla þá þjónustu sem SFR félögum stendur til boða hjá stéttarfélaginu.



Nafn: Þórey Einarsdóttir
Vinnustaður: Sjálfsbjargarheimilið
Starfstíll: Deildarstjóri

Hvaða trúnaðarstörf hefur þú unnið fyrir SFR?

Ég hef verið trúnaðarmaður í fjöldamörg ár og starfað í mörgum samninganefndum fyrir SFR. Þá hef ég starfað í undarþágunefnd, uppstillingarnefnd, Launamálaráði SFR og í Félagsráði SFR frá upphafi. Ég hef einnig setið nokkur BSRB þing fyrir hönd SFR.

Ég hef starfað í stjórn SFR í þrjú ár frá 2014. Þá hef ég verið fulltrúi stjórnar í Fræðslunefnd SFR frá 2014 og var valin trúnaðarmaður ársins 2012.

Hvers vegna býður þú þig fram til stjórnar SFR?

Ég vill gjarnan nýta þá reynslu og kunnáttu sem ég hef aflað mér í gegnum árin til frekari starfa fyrir SFR. Ég býð mig því fram til áframhaldandi stjórnarsetu vegna brennandi áhuga á kjara- og réttindamálum og félagsstörfum.